

## Aðalfundur 2008

Aðalfundur SFA 14. maí 2008

Ársafni

1. Skýrsla formanns
2. Reikningsuppgjör síðasta árs
3. Lagabreytingar
4. Kosning formanns, tveggja aðalmanna í stjórn og eins varamanns
5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs
6. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um félagsgjöld
7. Önnur mál

Fundargerð aðalfundar SFA 14.maí 2008

Haldinn á Ársafni Reykjavík

Kl. 20.00

Mættir 23

Óskar Guðjónsson safnstjóri setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og kynnti Ársafn í stuttu máli. Skipaði Hólmkel Hreinsson fundarstjóra og Dóru Thoroddsen ritara.

1. Skýrsla formanns, Áslaugar Óttarsdóttur.  
Stjórn sendi bréf vegna bókasafnstæknináms, skipulagði Maju Spæju samvinnuverkefni almenningsbókasafna og Ríkisútvarpsins, kom að slagorðasamkeppni almenningsbókasafna, var í viðræðum við Blindrabókasafn um útgáfu hljóðbóka og tók þátt í málþingi Innflytjendaráðs .  
Áslaug greindi frá mánaðardvöl sinni í London nýverið, þar sem hún kynnti sér starfsemi almenningsbókasafna. Áslaug var hvött til að birta ferðasöguna á vefsíðu Fína.
2. Kynning fundargesta.
3. Lilja Ólafsdóttir gjaldkeri kynnti **ársuppgjör**, Samþykkt.
4. Lagabreytingar engar.
5. Sitjandi stjórn gaf kost á sér til næsta aðalfundar, samþykkt.
6. Kosning endurskoðenda. Erla Kristín Jónasdóttir og Óskar Guðjónsson endurkjörin.
7. **Fjárhagsáætlun** og ákvörðun um félagsgjöld. Lilja Ólafsdóttir lagði fram fjárhagsáætlun. Hólmkell lagði fram breytingatillögu: Að tekju- og gjaldaliðir vegna lesmælis yrðu felldir niður. Samþykkt með breytingu. Árgjald samþykkt óbreytt.
8. Önnur mál:
  - Bókakaup. Þóra Sigríður Ingólfssdóttir kom með tillögu um að söfnin sameinuðust um bókakaup beint frá útgefendum, þannig næðust betri kjör og skjótari afgreiðsla. Nokkrar umræður urðu um málið. Sjónarmið sumra var stuðningur við bóksala í eigin heimabyggð, vinnuspamaður við að kaupa bækur ýmissa útgefenda frá sama bóksala, og einnig að erfitt yrði að sameina öll bókasöfnin í eina pöntun á sama tíma. Þóru var falið að ræða við forlög um möguleika á afslætti miðað við magninnkaup.
  - Lestrardagbók. Margrét Ásgeirsdóttir og Barbara Guðnadóttir sögðu frá áformum um prentun nýs upplags af lestrardagbókum. Menntamálaráðuneyti mögulegur kaupandi, v/grunnskóla. Verkefnið gæti þurft styrk. Margréti og Barböru falið að hafa samband og samvinnu við stjórn Fína um málið.
  - Millisafnalán. Hulda Björk Þorkelsdóttir lagði til að stjórn Fína sendi Alefli áskorun um að skipuð verði nefnd, sem fjalli um samræmingu reglna um millisafnalán. Samþykkt að vísa til stjórnar.

Fundi slitið kl. 21.30